

# Kjarasamningur milli

## VR og Samvinnufélagsins Hreyfils

vegna

starfsfólks við símaþjónustu hjá ofangreindu fyrirtæki.

Kjarasamningur VR við Samtök atvinnulífsins dags. 1. febrúar 2024 gildir í öllum atriðum öðrum en þeim er hér greinir.

### 1. Vinnuvaktir.

Vinnuvaktir skulu vera samkvæmt skrá yfir vaktir, sem viðkomandi aðilar gera, og skulu þær vera í samræmi við það vaktafyrirkomulag sem gilt hefur eða um kann að semjast á viðkomandi vinnustað. Skrá yfir vaktir skal liggja fyrir á viðkomandi vinnustað starfsfólks eða afhent hverjum þeirra um sig. Breytingar á vöktum skulu gerðar í samráði við starfsfólk og taka gildi með minnst 30 daga fyrirvara.

### 2. Launaflokkar.

Sjá meðfylgjandi skjal með launatöflum frá 1. febrúar 2024, 1. janúar 2025, 1. janúar 2026 og 1. janúar 2027.

### 3. Vinnutími.

Frá 1. janúar 2020 er vikulegur vinnutími 35,25 (35:15 klst.) að jafnaði. Var áður 36 klst. að jafnaði á viku.

### 4. Álag á vinnuvaktir.

Þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvöktum skulu fá álag á laun greidd með eftirfarandi hætti;

- 33% álag - frá kl. 17:00 - 24:00, frá mánudegi til föstudags.
- 45% álag - frá kl. 24:00 - 09:00 alla virka daga
- 45% álag - á laugardögum og sunnudögum

Starfsfólk sem vinnur aðallega eða eingöngu á kvöld- eða næturvöktum skal fá álag á þær vaktir sem nemur 53.29%.

### Fyrir vinnu á frídögum og stórhátíðisdögum.

Fyrir vinnu á frídögum og stórhátíðisdögum skv. kjarasamningi VR, geti starfsfólk valið í samráði við atvinnurekanda, eftirfarandi;

- Fá **15 virka daga í vetrarfrí**, sem skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við 1. október til 30. september ár hvert og greiðast þá áðurgreindir dagar með eftirfarandi hætti;

- 45% álag greitt á frídögum
- 100% álag greitt á stórhátíðisdögum

b) Taka ekkert vetrarfrí og greiðast þá áðurgreindir dagar með eftirfarandi hætti;

- 80% álag greitt á frídögum
- 160% álag greitt á stórhátíðisdögum

**5. Yfirvinna.**

Ef unnið er lengur en viðkomandi vakt afmarkar skal greiða yfirvinnukaup, 1,0385% af föstum mánaðarlaunum.

Dagvinnutímakaup hvers starfskrafts skal fundið með því að deila tölunni 155 í mánaðarlaun viðkomandi starfskrafts. Frá 1. janúar 2020 er deilitalan 151,75.

**6. Orlof.**

Til viðbótar við kafla 4 um orlof í kjarasamningi VR og SA er eftirfarandi ákvæði;

Starfsfólk, sem unnið hefur í 10 ár hjá sama fyrirtæki, skal það árið fá auk þess sem hér er greint eins mánaðar frí eða kaupgreiðslu sem því svarar.

**7. Ferðir til og frá vinnustað.**

Það starfsfólk, sem hefur eða lýkur störfum á þeim tíma sólarhrings sem strætisvagnar ganga ekki, skal keyrt til og frá vinnustað, því að kostnaðarlausu. Sé starfsfólk á eigin bifreið skal hann fá greitt sem svarar tveimur startgjöldum.

**9. Matar- og kaffitímar.**


Starfsfólk hefur ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsfólki er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni, ef því verður við komið starfans vegna. Vegna takmörkunar þeirrar, sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal greiða 5 mínútur fyrir hverja unna klst. sem greiðist með yfirvinnukaupi.

**11. Gildistími.**

Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2027 með sömu fyrirvörum og kjarasamningur VR og SA kveður á um.

Reykjavík, 7. maí 2024

F.h. Hreyfils



F.h. VR

